

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um helgidagafrið og lögum um 40 stunda vinnuviku (starfsemi á helgidögum), 549. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar framangreint lagafrumvarp. SA fagna þeim tilgangi frumvarpsins að auka frelsi til atvinnurekstrar á helgidögum og koma til móts við þá sem njóta vilja þjónustu og afþreyingar á þessum dögum. Telja SA jafnframt eðlilegt að rekstraraðilar fái sjálfir að ákveða hvernig þeir vilja haya opnunartíma sínum, innan skynsamlegra marka og án takmarkana í lögum.

Að því sögðu vilja SA koma á framfæri eftirfarandi athugasemendum við fyrirhugaða lagasetningu. Lögin um 40 stunda vinnuviku eru barn síns tíma, úrelt og því ætti að fella lögin úr gildi. Um þau atriði sem lögin gilda um, vinnutíma og hlé frá honum, er samið í kjarasamningum á milli aðila vinnumarkaðarins. Löggjafinn á ekki að hafa afskipti af útfærslum á kjarasamningsbundnum vinnutíma og frídögum.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir